

Minnisblað um grunnskipti 2026

Kílómetragjald

Sú breyting varð um áramót að kílómetragjald er nú lagt á öll ökutæki óháð orkugjafa í stað þess að einskorðast við hreinorkubíla (rafbíla, vetnisbíla og tengiltvinnbíla). Kílómetragjaldið var áður utan vísitölu neysluverðs en er nú flokkað í 07242 Veggjöld. Vog flokksins miðast við notkun heimila fyrir ármót, þ.e. hún inniheldur kílómetragjöld fyrir hreinorkubíla og veggjöld fyrir göng. Breyting á vísitölunni í flokknum er svo metin með eftirfarandi formúlu þar sem gert er ráð fyrir jafn miklum akstri í desember og janúar:

$$\frac{\text{Áætlaður heildarkostnaður heimila fyrir veggjöld miðað við verðskrá í janúar}}{\text{Áætlaður heildarkostnaður heimila fyrir veggjöld miðað við verðskrá í desember}} - 1$$

Til að meta fjölda ekinna kílómetra hjá heimilum voru notaðar upplýsingar um akstur einstaklinga á mótorhjólum og bifreiðum eftir orkugjafa. Upplýsingar um skráningu bifreiða fengust úr ökutækjaskrá Samgöngustofu og voru þær tengdar við mannfjöldagögn Hagstofunnar. Akstur var metinn með tölfræðilegu líkani sem byggðist meðal annars á skoðunargögnum Samgöngustofu.

0711 Bifreiðar

Síðustu ár hafa breytingar á verði á nýjum bílum verið metnar með líkani sem byggðist á skiptingu í þrjá flokka eftir útblæstri þeirra. Þar sem miklar breytingar urðu nú á styrkjum og vörugjöldum fyrir bíla sem leiða til þess að verðþróun á rafbílum verður töluvert ólík verðþróun annarra bíla var ákveðið að skipta mælingum á bílum frekar upp í flokka eftir orkugjafa. Til að byrja með verða flokkarnir þrír, þ.e.: rafmagnsbílar, tvinnbílar og bensín/dísel bílar en þessi skipting verður endurskoðuð árlega með tilliti til aðstæðna hverju sinni. Miklar sveiflur hafa verið í innflutningi bíla síðustu ár og skipting milli þessara flokka er ólík eftir aðstæðum hverju sinni. Til að minnka áhrifin af þessum sveiflum var notað 3ja ára meðaltal fyrir nýskráningar til ákvarða hlutföllin á milli þessara flokka.

083 Upplýsinga- og fjarskiptapjónusta

Áður var þjónustunni sem innifalin var í fjarskiptapökkum skipt niður á flokka fyrir heimasíma, farsíma, net og sjónvarpsþjónstu. Til að meta verðbreytingar í þessum flokkum var reiknaður meðalkostnaður per einingu (mín, GB) útfrá hlaupandi meðaltali. Þetta þýddi að breyting á notkun innan áskriftarleiða gat leitt til breytinga á vísitölunni án þess að verð þjónustupakkans sjálfs breyttist (ef notendur notuðu t.d. meira gagnamagn einn mánuðinn heldur mánuðina á undan). Þetta breytist með upptöku COICOP2018 því þar er sér flokkur fyrir fjarskiptapakka, “0834 Samsett fjarskiptapjónusta”. Hluti af vogunum sem áður hefðu dreifst á heimasíma,

farsíma, net og sjónvarpsáskriftir fara nú í 0834 og í stað mælinga á verði per einingu verða teknar upp beinar mælingar á þjónustuliðunum sem heild. Við útreikninga á verðbreytingum eru notaðar upplýsingar um verð og selt magn frá fjarskiptafyrirtækjunum.

Námsmannaíbúðir

Vakin er athygli á að flokkur “11203 Gistipjónusta heimavistarskóla, háskóla og annarra menntastofnana” inniheldur alla leigu á námsmannaíbúðum og herbergjum, þar með talið leigu á heimavistum og stúdentagörðum. Leiga á stúdentagörðum er því ekki lengur flokkuð með greiddri leigu eins og áður var.

0947 Hapdrætti og veðmál

Frá og með jan 2026 mun flokkur “0947 Hapdrætti og veðmál” vera hluti af Samræmdri vísitölu neysluverðs (HICP). Af því tilefni gaf Eurostat út [leiðbeiningar](#) um þennan flokk sem Hagstofan fylgir. Inn í þessum flokki á Íslandi eru hapdrætti, lottóleikir og spilakassar en ekki er gerð tilraun til að meta umfang eða verðbreytingar á neyslu á erlendum veðmálasíðum. Athugið að meðan ekki verður breyting á vinningshlutföllum þá fylgir þessi undirvísitala í raun breytingum á vísitölu neysluverðs.